# Föstudagur 11. ágúst



SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi (32)** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.15 **Villi spæta** (Woody Woodpecker). Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Austurbæingar** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.20 **Benny Hill.** Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Stefán Jökulsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Fiðringur.** Þáttur fyrir ungt fólk í umsjón Bryndísar Jónsdóttur.
21.00 **Valkyrjur** (Cagney and Lacey). Bandarískur sakamálamyndaflokkur. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
21.50 **Mannraunir** (Donner Pass). Bandarísk sjónvarpsmynd frá árinu 1978. Leikstjóri James L. Conway. Aðalhlutverk Robert Fuller, Diane McBain, Andrew Prine, John Anderson og Michael Callan. Hópur landnema setur sér það markmið árið 1846 að komast til Kaliforníu. Á brattann er að sækja því landið er erfitt yfirferðar en það eru þó ekki náttúruöflin sem reynast hættulegasti óvinurinn heldur mannlegur breyskleiki. Þýðandi Jón O. Edwald.
23.25 **Rokkkóngar** (I Giganti del Rock). Ítalskur tónlistarþáttur þar sem fram koma nokkrar stórstjörnur frá 6. og 7. áratugnum, svo sem B.B. King, Little Richard, Jerry Lee Lewis, Fats Domino, James Brown, Ray Charles og Bo Diddley.
1.45 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Sjóræningjamyndin.** The Pirate Movie. Ævintýramynd með Cristopher Atkins í aðalhlutverki. Mikið er af fallegri tónlist í myndinni. Aðalhlutverk: Christopher Atkins, Kristy McNichol og Ted Hamilton. Leikstjóri: Ken Annakin.
19.05 **Myndrokk.**
19.19 **19:19.** Stöð 2 1989.
20.00 **Teiknimyndir.** Stuttar og fjörugar teiknimyndir fyrir alla aldurshópa.
20.15 **Ljáðu mér eyra...** Glóðvolgar fréttir úr tónlistarheiminum. Nýjustu kvikmyndirnar kynntar. Fróm viðtöl. Umsjón: Pias Hansson.
20.50 **Bernskubrek.** The Wonder Years. Gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Fred Savage, Danica McKellar o.fl.
21.20 **Svindlararnir.** Let's Do It Again. Félagarnir Sidney Poitier og Bill Cosby áttu eftirminnilegan leik í gamanmyndinni Uptown Saturday Night frá árinu 1974. Ári síðar komu þeir aftur saman og gerðu þessa gamanmynd sem ekki hefur verið talin síðri. Hérna reyna þeir að hagnast á vini sínum sem þeir dáleiða og etja út í hnefaleikakeppni eftir að hafa veðjað við mótherjann. Leikstjóri: Sidney Poitier.
23.10 **Í helgan stein.** Coming of Age. Léttur gamanmyndaflokkur um fullorðin hjón sem setjast í helgan stein. Aðalhlutverk Paul Dooley, Phyllis Newman og Alan Young.
23.35 **Daisy Miller.** Cybill Shepherd fer með hlutverk hinnar eigingjörnu Daisy Miller. Kona sem óhikað fer sínar eigin leiðir án þess að víla fyrir sér hvaða afleiðingar það kunni að hafa fyrir aðra. Aðalhlutverk: Cybill Shepherd, Barry Brown, Mildred Natwick og Eileen Brennan. Leikstjóri: Sidney J. Furie.
1.05 **Gísling í Xanadu.** Sweet Hostage. Geðsjúklingur sem sloppið hefur út af hæli rænir ungri stúlku og hefur hana á brott með sér í einangraðan kofa fjarri mannabyggðum. Aðalhlutverk: Martin Sheen og Linda Blair. Bönnuð börnum.

Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Gunnar Kristjánsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Ingveldi Ólafsdóttur.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Nýjar sögur af Markúsi Árelíusi eftir Helga Guðmundsson. Höfundur les (5) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.) (Áður á dagskrá 1985.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Aldarbragur** – Fatatíska fyrr og nú. Fyrsti þáttur. Lesari: Ólafur Haraldsson. Umsjón: Helga Guðrún Jónasdóttir. (Einnig útvarpað kl. 21.00 næsta mánudag.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn.** Umsjón: Anna M. Sigurðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Pelastikk eftir Guðlaug Arason. Guðmundur Ólafsson les (9)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Að framkvæma fyrst og hugsa síðar.** Fjórði þáttur af sex í umsjá Smára Sigurðssonar. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Létt grín og gaman. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Debussy, Strauss og Milhaud.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 4.40) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** Nýjar sögur af Markúsi Árelíusi eftir Helga Guðmundsson. Höfundur les (5) (Endurtekinn frá morgni.) (Áður flutt 1985.)
20.15 **Lúðraþytur.** Skarphéðinn Einarsson kynnir lúðrasveitartónlist.
21.00 **Sumarvaka.** a. Komdu nú og kroppaður með mér. Spjall um fugla og lestur úr þjóðsögum. Umsjón: Arndís Þorvaldsdóttir. Lesari: Eymundur Magnússon. (Frá Egilsstöðum) b. Stefán Íslandi syngur við píanóundirleik Fritz Weisshappels. c. Í Tíról. Ferðaþáttur eftir Guðbrand Vigfússon. Jón Þ. Þór les seinni hluta. d. Elsa Sigfúss syngur við píanóundirleik Valborgar Einarsson. Umsjón: Gunnar Stefánsson.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Í kringum hlutina.** Umsjón: Þorgeir Ólafsson.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Guðrún Gunnarsdóttir, Þorsteinn J. Vilhjálmsson, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjaralandi. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Í fjósinu.** Bandarískir sveitasöngvar.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Endurtekinn frá laugardegi.)
00.10 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

02.00 **Fréttir.**
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið frá mánudagskvöldi.)
03.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á rás 1.)
07.00 **Morgunpopp.** Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03–19.00

FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson** kannar hvert straumurinn liggur.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið. Bibba í heimsreisu kl. 10.30.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu. Bibba í heimsreisu kl. 17.30.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Umferðarmálin efst á baugi. Rætt við lögreglu og umferðarráð.
Um að gera að koma athugasemd sinni á framfæri í síma 61 11 11. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
19.00 **Hitað upp.** Kynnt undir helgarstemmningunni.
24.00 **Troddu þér nú inní tjaldið hjá mér.** Samtengd næturvakt þar sem allt er látið flakka.
**Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson** fylgist með hvar fjörið verður um helgina og gefur góð ráð.
Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðiþáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Gunnlaugur leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila. Bibba í heimsreisu kl. 10.30.
14.00 **.Margrét Hrafnsdóttir.** Margrét stjórnar tónlistinni með duglegri hjálpa hlustenda. Þægileg og róleg tónlist milli kl. 18.10 og 19. Bibba í heimsreisu kl. 17.30. Allar helstu upplýsingar um verslunarmannahelgina.
19.00 **Kristófer Helgason.** kemur fólki í helgarstuð. Óskalög og kveðjur.
24.00 **Lækkaðu ljósin beig...**Nóttin er ung og stuðið rétt að hefjast.
6.00 **Tónlist fyrir þá sem eru ekki ennþá sofnaðir.**

**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
12.30 **Goðsögnin um G. G. Gunn.** E.
13.30 **Tónlist.**
14.00 **Tvö til fimm** með Friðriki K. Jónssyni.
17.00 **Geðsveiflan.**Tónlistarþáttur í umsjá Alfreðs J. Alfreðssonar.
19.00 **Raunir** Reynis Smára.
20.00 **Þú og ég.** Unglingaþáttur í umsjá Guðlaugar.
21.00 **Gott bít.** Tónlistarþáttur með Kidda kanínu og atóm Geira.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt**

EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **The Panel Pot Pourri.** Skemmti- og leikjaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **Sylvanians.** Teiknimynd.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Getraunaþáttur.
18.30 **Black Sheep Squadron.** Spennuflokkur.
19.30 **Creatures the World Forgot.** Kvikmynd.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur
22.30 **Romance with a Double Bass.** Tónlistarþáttur.

SKY MOVIES

13.00 **Savannah Smiles.**
15.00 **Robinson Crusoe.**
17.00 **Loophole.**
19.00 **Lucas.**
21.00 **Nice Girls Don't Explode.**
22.35 **Emmanuelle IV**
00.05 **The Hitchhiker.**
00.35 **A Reason to Live, A Reason to Die.**
03.00 **Lucas.**

EUROSPORT

9.30 **Heimsleikar.**
10.30 **Mobil Sport News.** Fréttir og fleira af kappakstri.
11.00 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
11.30 **Þríþraut.** Heimskeppni í Avignon.
12.30 **Hrossasýning í Dublin.**
13.30 **Knattspyrna.** Dynamo Moskva gegn heimsliðinu.
14.30 **Ástralski fótboltinn.**
15.30 **Eurosport Menu.**
16.00 **Heimsleikar.**
17.00 **Hafnabolti.** Úr amerísku deildinni.
18.00 **Hrossasýning í Dublin.**
19.00 **Rugby.** Ástralska deildin.
20.00 **Golf.** Benson og Hedges mítið á Englandi.
22.00 **Heimsleikar.**

SUPER CHANNEL

13.30 **Off the Wall.** Poppþáttur.
14.30 **Hotline.**
16.30 **The Global Chart Show.** Tónlistarþáttur.
17.30 **Foley Square.**
18.00 **Ferðaþáttur.**
18.25 **Hollywood Insider.**
18.50 **Transmission.**
19.45 **Fréttir og veður.**
20.00 **Chart Attack.**
21.00 **In Concert.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



**Svindlarar láta til sín taka á Stöð 2 í kvöld.**

## Stöð 2 kl. 21.20:

# Svindlararnir

Félagarnir tveir, mjólkurpósturinn Clyde og verksmiðjuþrællinn Billy, hafa lengi látið sig dreyma um frí með eiginkonum sínum í gleðiborginni New Orleans. Þeir láta loks verða af því. En blessaðir mennirnir eru áhyggjufullir vegna þess að stúkufélagið þeirra á ekki fé til að byggja nýjan samkomusal. Mennirnir ákveða því að slá tvær flugur í einu höggi, sameina skemmtiferð og fjáröflunarferð.

Clyde er dávaldur í hjáverkum og því ekki úr vegi að nýta sér hæfileika hans á því sviði. Félagarnir fá til liðs við sig hnefaleikakappann Bootney Farnsworth sem ætlar að keppa um meistaratitil New Orleans. Þeir hafa í hyggju að græða vel á uppátækinu og bjarga því sem bjargað verður.

Tveir góðvinir Íslendinga leika aðalhlutverk myndarinnar, þeir Sidney Poitier og Bill Cosby. Poitier er leikstjórinn.

Maltin er hrifinn af myndinni, segir hana vel gerða og fyndna, og gefur henni þrjár stjörnur, hvorki meira né minna.

## Sjónvarp kl. 21.50:

# Mannraunir

Margar kvikmyndir hafa verið gerðar um hina hugumstóru og fífldjörfu landnema bandaríska vestursins á 19. öld. Hér er ein þeirra, Mannraunir, eins og hún heitir á íslensku.

Árið er 1846 og vagnalest er á leið yfir slétturnar vestur til Kaliforníu. Landnemarnir standa í innbyrðis deilum um val á forustumanni og leiðinni til fyrirheitna landsins. Ástandið á þó eftir að versna því árásir indíána gera mikinn usla í hópnum, matar- og vatnsskortur taka sinn toll og náttúruöflin eru óblíð. Loks, eftir margra mánaða þrengingar, komast landnemarnir upp í háfjöllin þar sem snemmbær bylur heftir för þeirra.

Óttinn við að verða hungurmorða verður þess valdandi að landnemarnir fara að haga sér á undarlegasta hátt. Þeir komast brátt að því að þeir eru sjálfir eigin verstu óvinir og helsta von um fæðu.

Helstu leikendur í þessari mannraunasögu eru Robert Fuller, Andrew Prine og Michael Callan. Leikstjóri er James L. Conway.

Maltin segir mynd þessa í meðallagi.



**Jón Ásgeir Ásgeirsson, lögfræðingur í Boston, og Skarphéðinn Einarsson, umsjónarmaður Lúðraþyts.**

## Rás 1 kl. 20.15:

# Lúðraþytur

Í Lúðraþyti í kvöld munu vesturíslenskir tónar hljóma fyrir landsmenn. Umsjónarmaður þáttarins, Skarphéðinn Einarsson, ætlar að ræða við vesturíslenskan lögfræðing, Jón Ásgeir Ásgeirsson. Í frístundum sínum frá lögmannsstörfunum stjórnar Jón lúðrasveit í einni af útborgum Boston í Bandaríkjunum.

Jón hefur leikið í lúðrasveit frá barnæsku og fjögur börn hans leika öll á blásturshljóðfæri. Jón hefur komið nokkrum sinnum áður til Íslands og árið 1977 stjórnaði hann Lúðrasveit Reykjavíkur á 55 ára afmælistónleikum sveitarinnar.

Jón tók með sér nokkrar plötur að vestan og verður leikið af þeim í þættinum. Einnig verður leikin upptaka frá áðurnefndum afmælistónleikum.